

Fimmtudaginn 16. desember 1993.

Nr. 347/1990.

**Myndsýn hf.**

(Þórður Gunnarsson hrl.)

gegn

**Samkeppnisráði**

(Gísli Ísleifsson hrl.).

Viðskiptahættir. Samkeppni. Sératkvæði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. september 1990. Hann krefst þess, að banni Verðlagsráðs, sem ákveðið var á fundi ráðsins 9. febrúar 1989, við notkun áfrýjanda á orðinu „ókeypís“ í auglýsingum verði hrundið og það fellt úr gildi. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu er deilt um ákvörðun Verðlagsráðs, er starfaði samkvæmt lögum nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Var hún tekin á fundi ráðsins 9. febrúar 1989 og talin byggð á 2. mgr., sbr. 1. mgr. 27. gr., og 38. gr. þeirra laga. Við gildistöku samkeppnislaga nr. 8/1993 hinn 1. mars 1993 voru lög þessi felld úr gildi, en ákvæði í 2. mgr., sbr. 1. mgr. 21. gr., og 51. gr. hinna nýju laga hafa leyst af hólmi umrædd ákvæði þeirra. Við gildistöku lét Verðlagsráð af störfum, en Samkeppnisráð, sem stofnað var samkvæmt 5. og 6. gr. laga nr. 8/1993, hefur tekið við því hlutverki ráðsins, sem hér skiptir máli. Var um þetta mælt í 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða nr. I í hinum nýjum lögum, þar sem einnig er svo á kveðið, að þær ákvarðanir Verðlagsráðs, sem í gildi voru, þegar lögín komu til framkvæmda, skuli gilda áfram, þar til Samkeppnisráð ákveði annað.

Í samræmi við þessa breyttu skipan hefur Samkeppnisráð tekið við aðild Verðlagsráðs að málinu fyrir Hæstarétti.

I.

Samkvæmt gögnum málsins er framköllun á ljósmyndafilmum og myndgerð eftir þeim aðalstarfsemi áfrýjanda. Er þjónustan rekin með aðstoð umboðsmanna víðs vegar um land, sem hafa það hlutverk að taka við filmum frá viðskiptavinum og afhenda þær til baka að lokinni framköllun, en vinnsla á filmunum fer fram í starfsstöð áfrýjanda. Jafnframt tekur áfrýjandi við filmum í pósti beint frá viðskiptavinum og endursendir á sama hátt. Fyrir þjónustuna greiða viðskiptavinir söluverð, sem áfrýjandi kveðst ákveða eftir verðskrá sinni á hverjum tíma og færa sjálfur á umbúðir þær, sem filmunum er skilað í. Umboðsmenn fá hins vegar þóknun eða hlutdeild í verðinu, sem hann sjái um að greiða. Telur áfrýjandi þannig um að ræða bein viðskipti milli sín og þeirra, sem filmurnar leggja inn. Þegar filmu er skilað úr framköllun, fær viðskiptavinurinn afhenta með henni ónotaða ljósmyndafilmu án þess að greiða annað en það verð, sem sett er upp fyrir hina umbeðnu vinnslu á filmu hans. Er þetta kynnt sem fastur þáttur þeirrar þjónustu, er áfrýjandi veitir, og þannig

um samið fyrir fram. Filmur þessar kaupir áfrýjandi inn og færir kostnaðinn til gjalda á rekstrarreikningi fyrirtækisins. Eru þær af þekktri gerð, sem einnig er almennt til sölu hér á landi.

Áfrýjandi kveðst hafa haft þennan hátt á viðskiptunum, frá því að fyrirtæki hans var stofnað í nóvember 1988, og auglýst hann samfelld frá þeim tíma. Í málinu hafa verið lagðar fram tvær blaðaauglýsingar frá áfrýjanda, og er meginmál þeirra beggja á þessa leið: „Filman þín endist ævilangt - Þú lætur okkur framkalla filmuna þína og færð til baka ókeypis Konica-gæðafilmu.“ Er textinn settur upp á myndrænan hátt og orðinu „ókeypis“ gefið aukið og áberandi vægi með mjög stækkuðu letri. Einnig liggur frammi dæmi um smáauglýsingu úr dagblaði, þar sem sama efni er flutt í styttra máli og án leturbreytinga.

Hin umdeilda ákvörðun er rakin í heild í hinum áfrýjaða dómi. Er hún fólgin í banni við notkun á orðinu „ókeypis“ í því samhengi, sem það hefur verið við haft í auglýsingum um framköllunarþjónustu áfrýjanda. Í málinu er því ekki haldið fram, að banninu sé áfátt að formi, og ekki er um deilt, hvaða auglýsingar það eigi við, né heldur um atvik varðandi starfsemi áfrýjanda.

## II.

Bann 1. mgr. 27. gr. laga nr. 56/1978 og nú 1. mgr. 21. gr. laga nr. 8/1993 við röngum, ófullnægjandi eða villandi upplýsingum í auglýsingum, þannig, að fallið sé til áhrifa á eftirspurn eða framboð vöru og þjónustu, er ekki aðeins sett til verndar neytendum, heldur einnig í þágu eðlilegrar samkeppni milli markaðsaðila. Ákvæði 2. mgr. 27. gr. þjóna sama tilgangi og eiga við um auglýsingar, sem teljast óhæfilegar eða ósanngjarnar að formi, án þess að þær þurfi að vera efnislega rangar.

Samkvæmt almennri málvenju er það ókeypis afhending hlutar, ef hann er látinn af hendi án endurgjalds eða skuldbindingar. Er þetta sú meginskírskotun, sem felst í orðinu „ókeypis“, þótt merking þess sé ekki með öllu bundin við þetta og geti orðið önnur eftir samhengi. Í auglýsingum áfrýjanda er orðið ekki viðhaft um einstök tilfelli afhendingar á filmum, heldur er það reglubundinn þáttur í starfsemi hans, að filma er afhent viðskiptavinum án sérstakrar verðlagningar eða endurgjalds gegn greiðslu fyrir framköllunarþjónustu, svo að hvort er háð öðru. Verður þessari tilhögun viðskiptanna ekki haldið uppi til lengdar án alls tillits til þess kostnaðar, sem filmunum fylgir, enda færir áfrýjandi hann til gjalda í rekstri sínum. Hlýtur kostnaðurinn þannig að teljast innifalinn í því verði, sem greitt er fyrir þjónustuna og er hið eina endurgjald til áfrýjanda. Filmur hans eru því ekki „ókeypis“ í fyrrgreindri merkingu. Þótt auglýsingar áfrýjanda girði ekki endilega fyrir, að viðskiptavinir hans og neytendur almennt geri sér grein fyrir þessari staðreynd í einhverjum mæli, er orðið „ókeypis“ til þess fallið að gera lítið úr umræddum kostnaðarþætti. Er tilgangurinn ótvírætt sá að hafa áhrif á eftirspurn eftir þjónustu áfrýjanda. Með vísan til alls þessa verður að telja, að notkun áfrýjanda á orðinu „ókeypis“ í umræddum auglýsingum feli í sér villandi upplýsingar í skilningi 27. gr. laga nr. 56/1978, sbr. nú 21. gr. laga nr. 8/1993. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem mælt er um í dómsorði.

### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Myndsýn hf., greiði stefnda, Samkeppnisráði, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

## Sératkvæði

**Péturs Kr. Hafstein hæstaréttardómara.**

Í 1. gr. laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti er tilgangi laganna meðal annars lýst svo, að þeim sé ætlað að „vinna gegn óréttmætum viðskipta- og samkeppnisháttum svo og samkeppnishömlum, sem hafa í för með sér skaðlegar afleiðingar fyrir neytendur, atvinnurekendur eða þjóðfélagið í heild“. Í 1. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, sem leystu hin fyrrgreindu lög af hólmi, er markmið þeirra sagt vera það að „efla virka samkeppni í viðskiptum ...“, og því markmiði skal náð með því meðal annars að „vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri ... og óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum“. Með hliðsjón af þessum megintilgangi framangreindra laga verður að skýra þröngt sérhverja takmörkun á svigrúmi aðila í atvinnurekstri til þess að koma framleiðslu sinni og þjónustu á framfæri við neytendur.

Áfrýjandi hefur enga dul á það dregið, að það hafi verið forsenda þess, að neytendur fengju notið þeirra viðskiptakjara, sem hann auglýsti, að þeir leituðu til hans um framköllun. Þá liggur fyrir, að umboðsmönnum áfrýjanda var í sjálfsvald sett, hvort þeir hefðu þennan háttinn á, og að minnsta kosti einn þeirra afhenti ekki filmu að lokinni framköllun. Þá benda þær verðkannanir Verðlagsráðs, sem fyrir liggja í málinu, ekki til þess, að þjónusta áfrýjanda hafi verið dýrari en annarra á sama viðskiptasviði.

Bann Verðlagsráðs við notkun orðsins „ókeypis“ í auglýsingum áfrýjanda var byggt á 2. mgr., sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 56/1978. Samkvæmt framansögðu verður að telja, að neytendum hafi ekki getað dulist, í hverju hið tvíþætta tilboð áfrýjanda var fólgið, og framsetning þess hafi ekki getað verið öndverð hagsmunum þeirra. Ekki er því unnt að fallast á, að auglýsing áfrýjanda hafi vegna forms eða framsetningar verið óhæfileg gagnvart neytendum eða veitt þeim rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar. Auglýsingin verður þá ekki heldur talin óhæfileg gagnvart öðrum atvinnurekendum, er fást við sams konar viðskipti. Í ljósi þessa var áfrýjanda heimilt að þjóða filmu ókeypis að lokinni framköllun og gjaldfæra þann kostnað, sem af því leiddi, enda er ósannað, að verð þjónustunnar hafi verið hærra fyrir bragðið. Ber því að fella hið umrædda bann úr gildi og dæma stefnda til þess að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. júlí 1990.**

Mál þetta, sem dómtekið var 27. júní sl., höfðaði Þórður S. Gunnarsson hrl., kt. 230148-2959, Ármúla 17, Reykjavík, f. h. Myndsýnar hf., kt. 651188-1489, Depluhólum 5, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 26. júlí 1989, gegn Verðlagsráði, kt. 680269-5569, Laugavegi 118, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að banni stefnda, Verðlagsráðs, sem ákveðið var á fundi ráðsins 9. febrúar 1989, við notkun stefnanda á orðinu „ókeypis“ í auglýsingum verði hrundið og felld úr gildi. Stefnandi krefst jafnframt málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar eftir mati dómarsins.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

### *Málavextir.*

Að sögn stefnanda var fyrirtæki stefnanda, sem selur framköllun og myndgerð hjá umboðsmönnum víða á landinu, stofnað í nóvember 1988, og keypti þá fyrirtækið Agfamyndir hf. Frá upphafi auglýsti stefnandi, að ókeypis gæðafilma fylgdi framköllun.

Með bréfi, dags. 6. janúar 1989, krafðist stefndi þess, að stefnandi stöðvaði þegar þessar auglýsingar, þar sem auglýsingar þessar væru að mati stefnda brot á 27. og 31. gr. 1, nr. 52/1978 (sic). Með bréfi þessu var stefnanda veittur frestur til 10. janúar til þess að koma að athugasemdum skv. 1. og 2. mgr. 47. gr. laganna.

Með bréfi, dags. 13. janúar 1989, til stefnda óskuðu nokkur framköllunarfyrirtæki eftir því, að þessar auglýsingar stefnanda yrðu stöðvaðar. Á fundi í Verðlagsráði 9. febrúar 1989 var gerð svofelld samþykkt:

„Verðlagsráð bannar Myndsýn hf. notkun orðsins „ókeypis“ í því sambandi, sem orðið er notað og auglýst í sambandi við filmuafhendingar, þegar fyrirtækið framkallar og „kopierar“ filmur fyrir viðskiptavinum. Þessi ákvörðun er reist á 2. mgr., sbr. 1. mgr. 27. gr., og 38. gr. laga nr. 56/1978.“

Stefnanda var tilkynnt um þessa ákvörðun stefnda með bréfi, dags. 10. febrúar 1989. Það er bann þetta, sem stefnandi krefst nú, að verði hrundið.

### *Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að einn af umboðsmönnum stefnanda, Mínútumyndir, Hafnarstræti 20, Reykjavík, hafi ekki látið filmu fylgja með framköllun. Útsöluverð á framköllun hjá Mínútumyndum hafi verið hið sama og viðskiptavinir, er létu framkalla hjá öðrum umboðsmanni, Bensínstöðinni Esso, Garði, greiddu fyrir framköllun á sams konar filmu. Bensínstöðin afhendi filmu með framköllun.

Filmur þær, sem málið fjallar um, séu raunverulega ókeypis, og því geti notkun orðsins „ókeypis“ ekki talist röng, villandi eða óhæfileg gagnvart kaupendum eða öðrum atvinnurekendum og sé því ekki brot á 2. mgr., sbr. 1. mgr. 27. gr. 1. nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Það hljóti tvímælalaust að vera í þágu viðskiptamanna að eiga þess kost að fá afhenta ókeypis filmu með framköllun, og geti það því alls ekki talist óhæfilegt gagnvart þeim. Sá háttur, sem stefnandi hafi á viðskiptum sínum, stuðli að aukinni samkeppni og lækkun vöruverðs viðskiptavinum til hagsbóta.

Háttsemi stefnanda geti ekki heldur talist óhæfileg gagnvart öðrum framköllunarfyrirtækjum, þar sem hún sé eingöngu samkvæmt þeirri meginreglu allrar samkeppni, að hún skuli fara fram á grundvelli verðs og gæða. Stefnandi beini auglýsingum sínum ekki gegn einstökum framköllunarfyrirtækjum og hafi aldrei hallmælt neinu þeirra. Öll háttsemi stefnanda sé því í samræmi við góða viðskiptahætti.

Skilyrðum 31. gr. 1. nr. 56/1978 sé ekki fullnægt m. a. vegna þeirra nánú tengsla, sem séu milli aðalgreiðslu, framköllunar og aukagreiðslu filmunnar. Lagarök stefnanda eru reist á túlkun hans og skýringu á 1. nr. 56/1978, einkum 26. og 27. gr. þeirra laga. Krafa um, að banni stefnda verði hrundið, er studd 48. gr. sömu laga. Krafa um málskostnað er reist á 177. gr. 1. nr. 85/1936.

### *Málsástæður og lagarök stefnda.*

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að notkun orðsins „ókeypis“, eins og stefnandi noti það í auglýsingum, sé brot á 26. og 27. gr. 1. nr. 56/1978. Orðið „ókeypis“ sé villandi, þegar greiðsla þurfi að fara fram til þess að fá það, sem ókeypis eigi að teljast. Sé skoðaður ferill filmu, sem eigi að afhenda „ókeypis“, komi eftirfarandi í ljós: Stefnandi kaupir filmur, væntanlega í nokkuð miklu magni, og fær kaupverð þeirra á rekstrarreikning sem útlögð gjöld. Vinna og efni við framköllun og myndgerð sé sömuleiðis gjaldfærð á rekstrarreikning svo og annar kostnaður. Allur kostnaður, þ. m. t. filmurnar, sé lagður saman og síðan bætt við tilætluðum hagnaði. Þegar kaupandinn síðan greiði fyrir framköllun og myndgerð og fái jafnframt afhenta filmu, sé hann að greiða fyrir allan kostnaðinn, þ. m. t. filmuna, og væntanlega einhvern hagnað stefnanda. Filman sé því greidd og af þeim sökum ekki ókeypis.

Einungis það, sem engin greiðsla komi fyrir, geti talist ókeypis.

### *Niðurstaða.*

Við aðalmeðferð málsins gaf Kjartan Gústafsson, framkvæmdastjóri stefnanda, skýrslu fyrir dómi.

Skjöl málsins, m. a. verðkannanir Verðlagsstofnunar, á dskj. nr. 31 og 32, leiða ekki í ljós, að þjónusta stefnanda sé dýrari en annarra fyrirtækja á sama sviði, þrátt fyrir það að viðskiptavinir stefnanda fái filmu án sérstaks endurgjalds, þá er þeir láta stefnanda framkalla og myndgera filmur. Það er óumdeilt, að sá umboðsmaður stefnanda, sem ekki afhenti filmu án endurgjalds, hafi selt þjónustu stefnanda á sama verði og umboðsmennirnir, sem afhentu filmu án endurgjalds.

En þegar til þess er litið, að forsenda þess að fá filmu án endurgjalds frá stefnanda er greiðsla fyrir framköllun, verður að telja, að orðið „ókeypis“ sé villandi í skilningi 27. gr. 1. nr. 56/1978, og ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Samkvæmt 177. gr. 1. nr. 85/1936 ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst 50.000 kr.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

### Dómsorð:

Stefndi, Verðlagsráð, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Myndsýnar hf., í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda 50.000 kr. í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.